

Nr. 040 / 10 Hákon Tómasson GK 226***Fær veiðarfæri í skráfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 5871
Smíðaður: Stykkishólmi 1978, Fura og eik
Stærð: 2,9 brl. 4,1 bt.
Mesta lengd: 7,79 m Skráð lengd: 7,53 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 0,92 m
Vél: Sabb 19 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 2



Hákon Tómasson©Þóroddur S Guðlaugsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. apríl 2007 var Hákon Tómasson GK 226 á grásleppuveiðum suður af Sandgerði. Veður: SA 6-8 m/sek.

Bátsverjar voru að leggja grásleppunet skammt undan Krossnesi þegar netaflækja fór fyrir borð og lenti í skráfunni með þeim afleiðingum að splitti í öxultengi brotnaði. Þeir óskuðu eftir aðstoð og björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró bátinn til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að netin voru lögð úr barkarými (fremsta rými) þegar flækja á netinu dró með sér mikið af því fyrir borð í einni hrúgu (kös);
- að á meðan beðið var eftir björgunarskipinu lágu þeir fyrir netatrossunni;
- að aðrar skemmdir urðu ekki á vélbúnaði.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.